




CQ TF



1. tölublað 15. árgangur



Tveir góðir saman, við uppsetningu á víralofneti við félagsheimilið Þróttheima. F.v. TF3HP, TF3GC.

MEDAL EFNIS:

AF HVERJU QRP?
AÐALFUNDARBOÐ

CQ TF er félagsblað ÍRA, sem er landsfélag Íslenskra
Radióamatöra. Póstfang félagsins er: Pósthólf 1058,
121 Reykjavík.

Af hverju QRP ?

Þegar litið er yfir merkingamar sem Radió Amatörar nota, má sjá merkinguna: QRP. Upphafleg merking QRP var, og er reyndar enn, "minnka sendiorku", en hefur á seinni árum öðlast sú virðing að vera samnefni fyrir athæfi þeirra sem eru haldnir þeirri undarlegu áráttu aða vilja nota eins lítið sendiafl og hægt er að komast af með, jafnvel þó að þeir hafi yfir öflugum tækjum að ráða. QRP viðmiðunin er við 5 Wött á Morsi (CW) og 10 Wött PEP á hliðarbandi (SSB). Upphaflega var rifist um hver mörkin ættu að vera, og voru uppi raddir um að sendiorka innan við 100 Wött yrði talin QRP. Eftir nokkurt þras varð ofan á að setja fyrrgreind mörk. Sem betur fer voru mörkin ekki sett hærri. Undirritaður þekkir nokkra Amatöra hér um slóðir, sem ekki dettur í hug að lykka sendi sem hefur minna en 500 Watta línúagnara, og fer mikill tími í loftinu að metast um hver sé með flest dB yfir 9 á S-mæli hins, hef ég grun um að ekki sé endilega rétt "report" gefið hverju sinni, enda erfitt að sjá mikinn mun innanbæjar. Auk þess eru nokkrir sem halda því fram að lífið sé of stutt til að stunda QRP, sennilega er margt annað sem þeir kunna ekki að meta heldur. Þeir sem hvað mest þjást af þessari fyrnefndu þráhyggju eru það sem kallað er QRPp og þrjóskastr af miklum móð við að nota minni sendiorku en 1 Watt. Undirritaður er sekur um að eiga tvö svoleiðis tæki í fórum sínum. 40m CW ca. 300mW og 75m SSB sem getur gefið frá sér ógnvekjandi 950mW ("m" þýðir milli, ekki Mega til að forðast misskilning), einnig skal geta þess að bæði tækin eru heimasmiðuð, sé áhugi fyrir hendi að fá teikningar eða aðrar upplýsingar þá hafið samband við undirritaðan fyrir milligöngu ÍRA. Auk heldur er það enn undarlega að nokkur skuli vera haldinn svona kvalalosta þegar sóiblettla sveiflan er í lágmarki og skilyrði ekki betri en þau eru þessi árin. Af ofangreindu vaknar spurningin, af hverju eru menn yfir höfuð að rembast við QRP ?

Þess vegna má líka spyrja af hverju eru menn að sigla seglbátum (QRP) þegar til eru öflugir (QRO) vélbátar, af hverju eru menn að fljúga svifflugum (QRP) þegar til eru vélflugur (QRO), á reiðhjólum (QRP) þegar hægt er að vera á mótomjólum (QRO), svo má lengi telja!!!

Það má segja að það sé soun að nota meira afl en til þarf til að ná tilætluðum árangri, og er þá sama hvað menn taka sér fyrir hendur, mörgum finnst það vera ákveðin ögrun að geta gert meira með minna afli. Fyrir stuttu sat ég í "sjakknum" og var að velta fyrir mér þessu ritverki mínu og hvaða dæmi ég gæti tekið um QRP samband. Ég hafði verið að hlusta á "traffík net (hér er allt fullt af allskyns netum), þegar ég heyri VE7 stöð kalla CQ, þetta var á 40m SSB (7065 kHz), og til gamans svara ég, sendistyrkur aðeins 5W PEP. Svar kom um hæl og eftir að við höfðum skipst á hefðbundnum upplýsingum, sagðist ég vera QRP. Síðan spurði ég hver sendistyrkurinn væri á hinum endanum (í Vancouver), eftir nokkurt hik kom svar að styrkurinn væri 400 Wött. Eftir vangaveltur um deciBel og sendistyrk slökkti viðmælandi minn á línúagnaranum og ca. 1S styrkmunur á 400 og 100 Wöttum (3dB er helmingsmunur á afli og 6dB er um það bil 1S-eining). Enn minnkaði viðmælandi minn aflið, fyrst í 50 Wött og síðan í 5 Wött, afleiðingin sást þá sem rett rúmar 3 einingar á mínum S-mæli, var auðveldlega hægt að halda sambandinu á aðeins 5 Wöttum og finnst mér það skeifileg soun að nota 400 Wött, þegar 5 Wött duga. Þess má geta að fjarlægðin var 1200 km, sem þykir nánast næsta nágrenni á N-Amerískan mælikvarða, auk þess voru skilyrði ekkert sérstök. Við lélegri skilyrði hefði verið hægt að nota CW og jafnvel enn minna afl. Það má færa rök fyrir því að séu skilyrði mjög léleg geti ekki einu

sinni línúagnari dugað til þess að ná og eða halda sambandi. Enda er til lítills að nota öll þessi hestöfl, þegar náunginn á hinum endanum hefur ekki eins mörg til svars. Oft hef ég haft samband, QSO, án þess að hafa orð á því að ég væri QRP. Sennilega hefur félaginn á hinum endanum talið að mót-takarinn eða loftnetið væri lélegt hjá mér eða eitthvað þaðan af verra, þar sem hann gefur mér RST 559, en ég honum RST 579. Þar sem QRP tæki eru yfirleitt létt í meðförum, ekki er þungum kæliplötum fyrir að fara, er hægt að nota léttbyggða spennugjafa og eða rafhlöður, enda upplagt að taka þau með sér í fjallgöngur eða útilegu. Í júní s.l. náði ég CW sambandi við Texas frá tjaldstæðinu í Markerville, sem er smáþorp sem er þekktast er fyrir það að þar bjó Stephan G. Stephansson, Klettafjallaskáld. Tækjabúnaðurinn var ekki fyrirferðarmikill, loftnetið 40m "dípóll", sendiorkan u.þ.b. 300 mW (aftur minni ég á að "m" er milli, ekki Mega) og orkugjafinn lítil 9 Volta rafhlaða. Sendir/mót-takarinn er í blikk öskju undan hálstöflum, morse lykिलinn er lítill rofi sem er staðsettur á endanum á öskjunni. Öll stöðin eins og hún leggur sig, rafhlaðan ásamt loftnetinu upphringuðu, og vasadískó heyrnartólin, kemst fyrir í venjulegum úlpuvasa. Stöðin er núna efst á tossalistanum yfir hluti sem teknir eru með í útilegu eða fjallgöngu. Þess má líka geta að svona QRP stöð getur verið gagnleg í neyðartilfellum og jafnvel orðið til þess að bjarga mannlífi, ég sé fyrir mér fyrirsagnirnar í fréttunum "Radió Amatör bjargar hundruðum mannlífa " allt í lagi, allt í lagi, það sakar ekki að láta sig dreyma dálítið. Þó að smæð og einfaldleiki séu höfð að leiðarljósi þýðir það ekki að QRP tækin séu endilega lakari að gæðum, það er jafnvel enn mikilvægara að tæki notuð í samskiptum við önnur tæki sem nota lítið afl séu ekki undirmáls hvað varðar tæknilega eiginleika. Jafnvel heimasmiðuð nota heildaðar rásir (Intergrated Circuits) sem eru hannaðar fyrir hátækniþúnað og er ekki óalgengt að sjá heimasmiðuð tæki sem gefa verksmiðju framleiddum tækjum ekkert eftir, undirritaður hefur séð heimasmiðuð tæki sem hvaða framleiðandi sem er hefði getað verið stoltur af. Ógrynni er til af teikningum og upplýsingum um QRP, enda mikill söfnuður orðinn til í kringum þetta (ótrólegt hvað er til af þessum sérvit-ringum), margir klúbbar og samtök hafa verið stofnuð til að auka veg og vegsemd QRP. Ástæðan fyrir þessum vinsældum QRP er sennilega sú að menn geta smíðað sín eigin tæki, annað hvort eftir teikningum eða sett saman sett (kit) sem eru til á almennum markaði. Flest ný tæki sem Radió Amatörar fá í hendumar nú til dags eru svo flókin og fullkomin að ekki þarf að gera neitt í sambandi við viðhald eða viðgerðir, er það til að æra óstöðugan að kíkja inni þessar "súper græjur".

Það kitlar líka alltaf hégóma girndina að geta sagt: "jamm, smíðaði græjumar sjálfur, talaði við gaur í Mongólíu í gær, virkar alveg frábærlega"..... allt í lagi, allt í lagi, þegar sólblettirnir láta sjá sig, en ég læt mig dreyma. Enn er ónefndur einn kostur QRP en það er að nágrennarnir hafa ekki hugmynd um að maður sé í loftinu, það er hægt að senda allan sólarhringinn án þess að trufla nokkurn mann. Þegar verið er að sperra sig með magnara er alltaf hætt á að græjur nábúans fari í hnút, græjur grannans virðast oft virka betur sem HF móttakari en hvað það nú var sem þær voru nú hannaðar til þess að gera í upphafi. Best er að "fúll á móti" sé frekar með en á móti.

Margar góðar bækur eru til um QRP og skal helst nefna bækur sem hafa verið skrifaðar af Doug DeMaw, W1FB. Þessar bækur em fánlegar hjá ARRL og í mörgum bóka-búðum hér fyrir vestan (sjá auglýsingar í Amatör tímaritum) og vil ég eindregið mæla með þeim, nei, nei, ég fæ ekki nein sölu-laun, því miður. Undir-

ritaður á allar þær bækur sem gefnar hafa verið út eftir W1FB og er allt að því búinn að lesa á þær gat. Þeir sem ekki vilja standa í því að smíða sín eigin og vilja hafa fullkomin tæki geta bara skrúfað niður sendiorkuna í sínum tækjum. Prófið að nota aðeins 50 Wött og sjá hver árangurinn verður, síðan 25 Wött og færa sig síðan uppá skaftið (eða niður, eftir því hvemig á það er lítið), þar til sendistyrkurinn er orðinn aðeins 5 Wött. Ég er viss um að árangurinn kemur mörgum á óvart. Hér er rétt að vara menn við því að QRP getur orðið vanabindandi og valdið því að magnarar safni ryki og að þeir verði jafnvel seldir. Eitt af því sem vekur athygli þeirra sem hafa haft QSO við QRP sérvitringa er hversu þakklátir þeir virðast alltaf vera að einhver skuli vilja tala við þá, látið það ekki villa um fyrir ykkur, þeir sem stunda QRP eru ekki að þiggja neina ölmusu þegar þeir ná sambandi við aðra Amatöra, heldur er þetta af því að þeir hafa dálítið annað í pokahorninu þ.e. eigin-leikann til að ná sambandi við þig með því að nota aðeins brot af því afli sem þú notar og eru líka oftast bæði auðmjúkir og mjög færir Radíó Amatörar. Er ég ekki viss um að ekki sé laust við að þeir séu glottandi úti annað þegar stoltur eigandi línunagnara er að monta sig af hestöflunum. Ekki er hægt að enda þessar vangaveltur án þess að minnst á veikasta hlekkinn í þessu öllu saman en það eru loftnetin og það sem þeim viðkemur. Það er sama hvort verið er að senda 1000 Wött eða 5 Wött, það er mikilvægt að koma allri þessari orku úti loftið, sérstaklega ef sendiorkan er aðeins 5 Wött (svo ekki sé talað um 1 Watt). Sé til dæmis tap í fæðilínu 3 dB þá tapast helmingurinn af sendiorkunni, sé orkan 1000 Wött, komast 500 Wött að loftnetinu en ef sendirinn er aðeins 1 Watt fer verulega að muna um tapið eins og gefur að skilja. Þetta er aðal ástæðan fyrir því hversu meðvitaðir QRP menn eru um fæðilínur og loftnet, eiginleika þeirra, töp, nýtni o.s.frv. Oftast er mjög vandað til loftneta þeirra sem eru QRP og huga þeir oft að loftnetum sínum. Loftnet eru vísindagrein útaf fyrir sig og verður ekki farið nánar út í þá sálma hér. Annað sem QRP menn færa sér mjög í nyt er hugbúnaður sem er til þess gerður að spá um fjarskiptaskilyrði til ýmissa heimshluta á tilteknum tímum og tímum. Fer oft töluverður tími í þessa spádóma, sérstaklega ef keppni (contest) er á næstu grösom, jú QRP menn láta líka sjá sig í keppnum og eru nokkrar keppnir sérstaklega ætlaðar fyrir QRP, bæði SSB og CW, hef ég jafnvel haft fréttir af QRP RTTY keppni. Hér ætla ég að láta staðar numið og hafi ég náð að vekja athygli einhvers á tilveru QRP er tilgangi þessa greinarstúfs náð, þess vegna vil ég biðja þig félagi góður að leggja vel við hlustir og ef þú heyrir veikt morse merki í fjarska, cq cq cq de ve6nj k, þá vinsamlegast svaraðu, því ég hef ekki enn náð að fá QSL kort frá TF, landi elds og ísa.

73's de VE6NJK/TF3NJ Niels
Jensen Kristjánsson

Höfundur greinar þessarar er búsettur í Calgary í Alberta fylki í Kanada. Hann starfar þar sem flugrafeindavirki (Avionics Engineer) hjá Canadian Regional Airlines. Hann er fæddur og uppalinn í Hveragerði, þar sem hann stundaði stuttþylgjuhlustun og safnaði QSL kortum í mörg ár áður en hann gerðist Radíó Amatör. Niels er oftast á QRP tíðnum á 40m (7.040 MHz) og 80m (3.560MHz) og notar hann oftast gamlan góðan Ten Tec Argonaut 509 og Vibroplex lykil.

Áttu myndband

Komið hefur til tals að hafa myndakvöld í félagsheimilinu okkar. Þar er nú komið nýtt 29" sjónvarp og myndbandstæki og höfum við afnot af þessum tækjum. Gaman væri að vita hvort einhverjir af ykkur lumi ekki á myndbandi sem tengist á einhvern hátt tímstundagamni okkar. Ef þú átt slíkt myndband, vinsamlega hafðu samband við einhvern stjórnarmeðlima.

VANTAR ÞIG "COAX"?

Félagið á til u.þ.b. 80 metra af RG8 "coax", sem er afgangur, eftir að HF loftnetið var sett upp við Þróttheima. Ef ykkur vantar "coax", þá er tækifærið núna. Verðið er aðeins 200 kr. pr. metra. Hafði samband við ritara, TF3AOT.

Efni í blaðið.

Til að halda út blaði eins og þessu þurfum við efni. Ef þú telur að þú eigir efni sem eigi erindi í blaðið okkar, endilega hafðu samband. Efnið má vera handskrifað, vélritað eða á hvaða formi sem er. Það má vera tæknilegt, DX fréttir, skemmtilegar uppkomur, eða bara eitthvað sem þú heldur að radióamatörar hafi gaman af. de TF3AOT

Vantar þig tölvu?

Í félagsheimili radióskáta er til eitthvað af XT, 286 & 386 tölvum sem bjóðast félögum í ÍRA fyrir lítinn sem engan pening. Finar fyrir "logginn", "packetið" eða eitthvað sniðugt. Áhugasamir hafi samband við Konna TF3KET eða Völu TF3VDT.

CEPT Í Bretlandi

Samkvæmt frétt í "Ham Radio Today" ber þeim er-lendu stöðvum sem "fara í loftið" í Bretlandi, að nota "M0" eða "M1" á undan kallmerkinu sínu, en ekki "G" eins og tíðkast hefur hingað til. T.d. yrði kallmerkið TF3IRA þannig: M0/TF3IRA.

Kallmerki sem bílnúmer.

Eins og flestir vita er nú hægt að fá kallmerkið sitt sem númer á bílinn sinn. Hver skyldi nú verða fyrstur til að prýða bílinn sinn með kallmerkinu sínu?



Þór, TF3GW, stillir tækin í húsbíl Halldórs, TF3GC.

AÐALFUNDUR ÍRÁ

Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 15.mars, í Þróttheimum, og hefst hann kl. 14.00

Dagskrá: Samkvæmt félagslögum.

Í tengslum við aðalfundinn er áformað að hafa sýningu á gömlum radiótækjum og búnaði. Sýningin á að hefjast kl. 12.00 fundardaginn, en okkar vantar búnað til að sýna. Ef að þú átt eitthvað sem þú telur að eigi heima á sýningu sem þessari, vinsamlega hafðu samband við TF3GC eða TF3HP.
